



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

10. okt. 2018 – Pistill nr. 41



Mývatnssveit er Norðurljósahöfuðborg Íslands sem dregur að fjölda ferðamanna yfir vetrartímann. Mynd: Mývatnssstofa.

Skútustaðahreppur verður af 30-35 m.kr. vegna gistináttaskattsins

Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi ályktun á fundi sínum:

Á fundi með þingmönnum kjördæmisins í síðustu viku kom fram að færsla gistináttaskatts frá ríkinu yfir til sveitarfélaga, eins og núverandi ríkisstjórn boðar í stjórnarsáttmála, er ekki á dagskrá þingsins í vetur. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir yfir miklum vonbrigðum með framgang málsins.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að sveitarfélögum í landinu verði tryggðar auknar tekjur af gistináttaskatti sem renni til sveitarfélaga með sama

hætti og þekkest víða um lönd til að mæta útgjöldum vegna ferðabjónustu. Jafnframt er mikilvægt að skipting gistináttaskattsins á milli sveitarfélaganna verði með sanngjörnum hætti. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru gistinætur í Skútustaðahreppi árið 2017 samtals 184.498 talsins. Því má áætla að ríkissjóður fái um 30-35 m.kr. í tekjur af gistináttaskatti sem sveitarfélagið verður þá af sem í staðinn gætu nýst hér á svæðinu í beina innviðaupbyggingu vegna ferðabjónustunnar. Sveitarstjórn skorar jafnframt á Samband íslenskra sveitarfélaga að fylgja þessu máli fast eftir gagnvart ríkisvaldinu því hér eru miklir hagsmunir í húfi fyrir sveitarfélögin.

Hækkun á heilsustyrk – Flutningsstyrkur fyrir nýtt starfsfólk

Á fundi sveitarstjórnar lagði sveitarstjóri fram tillögur að uppfærðri Mannauðsstefnu Skútustaðahrepps (útgáfu 3) m.a. í ljósi breytinga á verkefnum og heitum fastanefnda sveitarfélagsins.

Mannauðsstefnan fór í umsagnarferli til starfsfólks og kom fram ein ábending. Lögð var fram tillaga um hækkun á heilsustyrk úr 25 í 30 þúsund krónur.

Einnig var lögð fram tillaga um flutningsstyrk fyrir nýtt starfsfólk sveitarfélagsins sem flytur hingað búferlum, að upphæð allt að 100.000 kr.

Sveitarstjórn samþykkti uppfærða mannauðsstefnu og vísaði hækkun heilsu- og flutningsstyrks til gerðar fjárhagsáætlunar.

Mannauðsstefnan er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.

Raðhús reist í Klappahrauni

Eins og fram hefur komið er fyrirhuguð áframhaldandi uppbygging í Klappahrauni en mývetnska verktakafyrirtækið Húsheild hefur ákveðið að reisa 3-4 raðhús með samtals 12 íbúðum eða fleiri. Íbúðirnar verða klárar næsta sumar ef allt gengur að óskum. Á næstunni verður farið í gatnagerðarframkvæmdir. Nánari upplýsingar um þetta spennandi verkefni er á heimasíðu sveitarfélagsins. Um er að ræða fjórar stærðir af íbúðum;

- 106 m². Samtals 38.054.000 kr. með öllu.
- 93,5m². Samtals 33.566.500 kr. með öllu.
- 68 m². Samtals 25.092.000 kr. með öllu.
- 59,5m². Samtals 21.955.500 kr. með öllu.

Staðfestingargjald er 15% og greiðist við undirskrift. 60% greiðast þegar húsið er fókelt og 25% greiðist við afhendingu.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Ragnarsson framkvæmdastjóri Húsheildar í síma 856 5040 eða á netfanginu olafur@husheild.com.

Þekkingasetrið fær nafn og opnar formlega 1. nóvember n.k.

Þekkingasetrið verður opnað formlega 1. nóvember n.k. og verður opið hús þann dag. Þar verður upplýst hvaða nafn þekkingasetrið fær en haldin var nafnasamkeppni. Í þekkingasetrinu hafa þegar nokkir aðilar komið sér fyrir og þar verður spennandi suðupottur frjónna hugmynda og starfsemi sem á eftir að setja svip sinn á samfélagið. Þekkingasetrið er til húsa að Hlíðavegi 6, í sama húsnæði og hreppsskrifstofan og fögnum við mjög að fá svona kraftmikið samfélag hingað inn til okkar. Opnun verður nánar auglýst síðar.

Heilsueflandi dagur 3. nóvember með spennandi fyrirlestrum – Jóhanna kynnir lokaritgerðina

Haldinn verður Heilsueflandi dagur í íþróttamiðstöð-inni laugardaginn 3. nóvember þar sem verður ókeypis í ræktina, tilboð á árskortum og fyrirlestrar. Dagskrá:

- Jóhanna Jóhannesdóttir lýðheilsufræðingur kynnir áhugaverðar niðurstöður mastersritgerðar sinnar um Heilsu og líðan Mývetninga.

- Dagbjört Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur kynnir spennandi verkefni sem miðar að því að gera Mývetninga hamingjusamari.

- Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri segir frá Heilsueflandi samfélagi.

Nánar auglýst síðar. Takið daginn frá.



Menntun fyrir alla

Mennta- og menningarmálaráðuneytið stóð fyrir áhugaverðum fræðslu- og umræðufundi um menntun fyrir alla og menntastefnu sem haldinn var á Húsavík síðasta mánudag. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið að setja af stað móttun menntastefnu til 2030. Leiðarljós nýrrar menntastefnu á öllum skólastigum verður gæðamenntun fyrir alla. Eitt af markmiðum nýrrar menntastefnu verður að tryggja að allir í skólasamfélaginu líti á skólastarf án aðgreiningar sem grundvöll gæðamenntunar fyrir alla nemendur í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Sveitarstjóri og Alma Dröfn Benediktsdóttir formaður skóla- og félagsmálanefndar sóttu fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Aðstoð við að sækja um styrki

Líkt og undanfarin ár munu verkefnastjóri menningarmála hjá Eyþingi og verkefnastjóri

Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga fara um svæðið til að aðstoða umsækjendur í Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra. Þeir verða m.a. í Skútustaðahreppi sem hér segir:

• Reykjahlíð 17. okt. kl. 13:00-14:30 á skrifstofu Skútustaðahrepps.



Dansinn dunar í Reykjahlíðarskóla

Hin árleg danskennsla í Reykjahlíðarskóla undir stjórn Önnu Breiðfjörð danskennara fór fram í síðustu viku. Hún kenndi einnig elstu deildinni á leikskólanum. Foreldrar og forráðamenn fengu að vera viðstaddir síðasta danstímamann á föstudaginn og var gaman að sjá hversu vel tókst til. Er þetta eitthvert mesta tilhlökkunarefni nemenda í skólanum á ári hverju að fá Önnu í heimsókn með dansinn. Þess má einnig geta að Anna var með danskennslu í Skjólbrekku fyrir fullorðna á vegum Þekkingarnets Þingeyinga til að undirbúa danssporin fyrir Slægjufundinn í lok október og var þrýðis aðsókn.



100 ára fullveldisafmæli Íslands og 30 ára afmæli Framhaldsskólans á Laugum
Þann 1. desember n.k. verður aldarafmæli fullveldis á Íslandi. Framhaldsskólinn á Laugum varð einnig 30 ára núna í haust. Í tilefni af þessum afmælum bjóða sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit ásamt Framhaldsskólanum á Laugum til hátíðar- og skemmtidagskrár 1. desember n.k. kl. 14:00 í íþróttahúsinu á Laugum. Á eftir býður Laugaskóli viðstöddum í afmælistkaffi. Sunnudaginn 2. desember verður sérstök barnadagskrá í Mývatnssveit þar sem jólasveinarnir í Dimmuborgum bjóða m.a. í heimsókn. Dagskráin verður nánar auglýst síðar en takið daginn frá og gleðjist með okkur. Allir velkomnir.



Fundað með þingmönnum

Þingmenn kjördæmisins áttu fund í Mývatnssveit með sveitarstjórnarfólki í Þingeyjarsýslum í síðustu viku. Þangað mættu fulltrúar Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Norðurþings og fóru yfir ýmis mikilvæg mál til hagsbóta fyrir okkur öll og áttum við gott samtal við þingmenn okkar. Fundurinn var vel undirbúinn af okkar hálfu. Á meðal umræðuefna voru samgöngu-, fasteigna-, skipulags- og fráveitumál, málefni sauðfjárbænda, sveitavegir og mokstur, löggæsla, vextir o.fl. Mestu vonbrigðin voru hins vegar að fá þær fréttir að ríkisstjórnin ætlar að draga á langinn að afgreiða það loforð sem fram kemur í stjórnsáttmálanum að sveitarfélögin fái gistináttaskattinn til sín. Hér eru miklir hagsmunir

í húfi fyrir sveitarfélögin í landinu sem myndu nýttast vel í innviðaupbyggingu vegna ferðabjónustu.

Opnað fyrir umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða

Opnað var fyrir umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða á dögnum. Umsóknarfrestur er til 28. október nk. en sjóðurinn styrkir framkvæmdir sveitarfélaga og einkaaðila á ferðamannastöðum. Á meðal styrkhæfra verkefna er uppbygging, viðhald eða verndun mannvirkja og náttúru eða framkvæmdir sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum. Þá er undirbúnings- og hönnunarvinna einnig styrkhæf. Mótframlag styrkhafa miðast að jafnaði við 20% af styrkfjárhæð og getur það verið í formi útgjalda eða vinnuframlags.



Skilti um samspil Mývatns og Laxár

Landverðir í Mývatnssveit hafa komið upp skilti við Laxá - í landi Hofstaða. Á því eru upplýsingar um samspil Mývatns og Laxár og lífríkis árinna. Efni skiltisins er unnið af Árna Einarssyni, forstöðumanni Náttúruvísni og Náttúruvísni Náttúruvísni Náttúruvísni Náttúruvísni við Mývatn. Er þetta framtak Umhverfisstofnunar til mikillar fyrirmyndar.



Helgi í stjórn Eypings

Helgi Héðinsson oddviti Skútustaðahrepps var kjörinn í stjórn Eypings á aðalfundi þess á dögnum en fundurinn var haldinn í Mývatnssveit. Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa skipst á stjórnarmönnum og nú var röðin komin að okkur.

Dósasöfnun nemenda í 8. og 9. bekk

Kæru foreldrar og forráðamenn. Kæru sveitungar. Vegna anna höfum við ekki komist í dósasöfnun. En stefnum á dagana 22. og 23. október. Kveðja frá 8. og 9. bekk Reykjahlíðarskóla.

HRÓS DAGSINS...

Fær foreldrafélag skólanna í Mývatnssveit fyrir öflugt starf. Foreldrafélagið býður m.a. upp á fyrirlestur 15. október kl. 20:00 í Reykjahlíðarskóla sem ber yfirskriftina „Kjafnað um kynlíf“. Fyrirlestur sem haldinn er af Sigu Dögg kynfræðingi og ætlaður er foreldrum og forráðamönnum. Fyrirlesturinn fjallar um kynferðismál ungu kynslóðarinnar og er borinn fram á fræðandi og skemmtilegan máta. Nærsvitungum okkar hefur einnig verið boðið að eyða kvöldinu með okkur, vinum okkar í Stórutjarnarskóla og Þingeyjarskóla, öllum að kostnaðarlausu.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanfögnu, m.a. landsþing Sambands sveitarfélaga, framkvæmdastjórnarfund HNP, með þingmönnum kjördæmisins, almannavarnanefnd, vegna fullveldishátíðarhalda, með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis, formönnum allra nefnda sveitarfélagsins auk fastasnefnda okkar, svo eitthvað sé nefnt.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri